

39

13. júní

3. gr.

Mat það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal framkvæmt af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps. Matskostnað greiða eigendur í hlutfalli við verðmæti hvers býlis, eftir því sem metið er, og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur.

4. gr.

Nú hefir mat farið fram samkvæmt fyrirmælum 1.—3. gr., og er þá peningastofnunum skylt, sé þess óskað af eigendum býlanna, að skipta fasteignaveðslánum, er á fasteigninni hvíla, hlutfallslega jafnt á hin einstöku býli, eftir verðmæti þeirra, samkvæmt mati því, er að ofan getur, enda skal, að dómi hlutaðeigandi lánsstofnunar, trygging fyrir fasteignaveðslánum þessum ekki lakari en áður, og veðhæfi eignarinnar og veðréttur í engu lakari en áður en skipti fóru fram.

5. gr.

Kostnað þann, er leiðir af skiptingu lánanna, svo sem þinglestur, greiða lán-takendur, en engin afföll skal þeim reikna af hinum nýju lánnum.

6. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

40

13. júní

L Ö G

um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Heimilt er að verja allt að 50000 krónum af fé því, er ríkið leggur árlega til byggingar- og landnámssjóðs, sem óafturkræfu framlagi til endurbygginga eða endurbóta á íbúðarhúsum á jörðum í sveit, enda séu þær í sjálfsábúð, eða heimilt að byggja þær í erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

2. gr.

40

13. júní

Fé þetta má veita þegar svo stendur á og eftir þeim reglum, er hér segir:

- a. Að bæjarhús jarðarinnar séu að dómi læknis og hreppstjóra óhæf til íbúðar, svo ætla megi, að heilsu manna geti stafað tjón af.
- b. Að ábúandi sé ekki fær um að endurreisa bæjarhúsin af eigin rammleik, að dómi nýbýlanefndar ríkisins.
- c. Jarðir í sjálfsábúð koma hér aðeins til greina, þegar fasteignamat bæjarhúsa er undir 1000 kr.
- d. Jarðir í erfðaábúð koma því aðeins til greina, að fasteignamat landsins sé eigi hærra en 5000 krónur.
- e. Framlagið til hvers einstaks býlis má vera 500—1500 krónur, þó aldrei meira en $\frac{1}{3}$ hluti kostnaðar.

3. gr.

Nýbýlastjórn ríkisins ákveður, hverjar jarðir skuli verða aðnjótandi framlags þess til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina á hverja jörð. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru í því sambandi, og sett þau skilyrði um byggingarnar, er hún telur þurfa, til að tryggja, að þær komi að sem fyllstum notum.

4. gr.

Verðmæti það, er fyrir framlag þetta stendur í byggingunni, skal á hverjum tíma meta sér í fasteignamati. Skal það vera óafturkræft, vaxtalæust fylgifié jarðarinnar, sem undanþegið er eignarskatti, og má hvorki selja það né veðsetja.

5. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda árið 1937, en falla úr gildi árið 1950.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.